










Prestur:
*Séra Óskar Ingi Ingason*
Organisti:
*Nanna Þórðardóttir*
Einsöngur:
*Erla Höskuldsdóttir*
Undirleikur:
*Sigurður Höskuldsson*
Kórsöngur:
*Kirkjukór Ólafsvíkur*
Umsjón útfarar:
*Pétur Bogason*

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug*
*og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar*
*í félagsheimilinu Klifi að athöfn lokinni.*

# Einar Helgi Kristjánsson

Fæddur 29. júní 1935
Dáinn 13. apríl 2022



Útför frá Ólafsvíkurkirkju
laugardaginn 30. apríl 2022

PRENTSTOFAN HVÍTA ÖRKIN

## Forspil
Í bljúgri bæn
*Pétur Þórarinsson - Erlent lag*

## Bæn

## Einsöngur
Líttu sérhvert sólarlag
*Bragi Valdimar Skúlason*

## Ritningarlestur

## 

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Þetta loft er svo tært.
Finnið þytmjúkan þey.
Hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.
*Friðrik A. Friðriksson - Henry Snow*

## Ritningarlestur

Mér finnst ég varla heill, né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja
eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum,
er rökkvar, ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður ‘á strönd.
Fundið stað,
sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn.
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar,
ég reyndar sé þig alls staðar,
þá napurt er.
Það næðir hér og nístir mig
*Vilhjálmur Vilhjálmsson - Jóhann Helgason*

## Guðspjall

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

## Minningarorð

## Einsöngur
Liljan
*Þorsteinn Gíslason*

## Bæn og Faðir vor

## Einsöngur
Heyr mína bæn
*Ólafur Gaukur Þórhallsson – Mario Panzeri*

## Moldun

Þegar ég leystur verð þrautunum frá,
þegar ég sólfagra landinu á
lifi og verð mínum lausnara hjá,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Dásöm það er dýrð handa mér,
dýrð handa mér, dýrð handa mér,
er ég skal fá Jesú auglit að sjá,
það verður dýrð, verður dýrð handa mér.

Og þegar hann sem mig elskar svo heitt,
indælan stað mér á himni' hefur veitt,
svo að hans ásjónu' eg augum fæ leitt
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Ástvini sé ég, sem unni ég hér,
árstraumar fagnaðar berast að mér.
Blessaði frelsari, brosið frá þér,
það verður dásamleg dýrð handa mér.
*Lárus Halldórsson - C. H. Gabriel*

## Blessun

## Eftirspil
Ferðalok
*Jón Sigurðsson - Emmerich Kálmán*